

## Fréttatilkynning vegna aðalfundar félagsins

fimmtudagur, 21 janúar 2010

Aðalfundur Barra hf var haldinn 14. janúar sl. í kaffistofu félagsins á Valgerðarstöðum 4 í Fellum.

Hagnaður Barra hf. á rekstrarárinu 1. nóvember 2008 til 31. október 2009 nam kr. 299.463. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 282.271.390 bókfært eigið fé í árslok er kr. 92.022.652 og er eiginfjárlutfall félagsins 32,6%.

Hreint veltufé frá rekstri var kr. 8.217.071

Vegna sviptinga í efnahagslífi á Íslandi síðla árs 2008 og á árinu 2009 hækkuðu skuldir félagsins mjög verulega, og voru rekstrarhorfur þess slæmar. Í lok reikningsársins var gripið til umtalsverðrar fjárhagslegrar endurskipulagningar á félaginu, einkum með þátttöku Kaupþings banka og Byggðastofnunar. Skuldabréfalán voru afskrifuð og lánum var breytt í hlutafé, en áður hafði hlutafé félagsins verið fært niður um 30% til jöfnunar á tapi. Á nýju rekstrarári, 2009-2010, er stefnt að aukningu hlutafjár, og eru rekstraráætlanir meðal annars byggðar á því að það takist.

Samþykkt var á aðalfundinum að auka hlutafé úr tæplega 82 milljónum í 112 milljónir til að styrkja lausafjástöðu, til að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins auk þess að ljúka framkvæmdum á Valgerðarstöðum sem varða aðallega vinnuhagræ

Ræktun fór fram á Valgerðarstöðum í Fellum og Tumastöðum í Fljótshlíð. Sáð var fræi og stungið stikklingum í rúmlega 76 þúsund eða í rúmlega 3,4 milljón hólfa.

Heildar afhending rekstrarársins 2009 varð tæplega 2,5 milljón plöntur sem er minnkun um rúmlega 350 þúsund plöntur frá síðasta ári. Þrátt fyrir þessa minnkun urðu sölutekjur heldur meiri en árið áður.

Á launaskrá komu 34 starfsmenn en á þessum tíma eru 8 starfsmenn fastráðnir á Valgerðarstöðum og tveir starfa á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Í aðalstjórn voru kjörnir Björn Ármann Ólafsson formaður, Helgi Gíslason varaformaður, Jóhann Þórhallsson ritari, Jóhann Arnarsson og Pétur Grétarsson.

Framkvæmdastjóri er Skúli Björnsson